



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 20. apríl 2020
Tilvísun: 2020030005

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Efni: Áhættumat greiningardeildar ríkislöggreglustjóra vegna COVID-19.

Meðfylgjandi áhættumat greiningardeildar ríkislöggreglustjóra er unnið samkvæmt beiðni dómsmálaráðuneytis frá 20. apríl 2020. Áhættumat greiningardeildar er byggt á minnisblaði embættis sóttvarnalæknis frá 20. apríl 2020 og minnisblaði verkefnahóps um útfærslu á ferðatakmörkunum vegna komu ferðamanna til landsins frá 20. apríl 2020.


F.h. RLS
Sigríður Björk Guðjónsdóttir


Jón Pétur Jónsson



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Áhættumat: COVID-19

20. apríl 2020

Inngangur

Meðfylgjandi áhættumat greiningardeilda ríkislöggreglustjóra er unnið samkvæmt beiðni dómsmálaráðuneytis frá 20. apríl 2020. Áhættumat greiningardeilda er byggt á minnisblaði embættis sóttvarnalæknis frá 20. apríl 2020 og minnisblaði verkefnahóps um útfærslu á ferðatakmörkun vegna komu ferðamanna til landsins frá 20. apríl 2020. Áhættumat greiningardeilda varðar fólksflutninga til Íslands í ljósi heimsfaraldurs COVID-19 með tilliti til ógnar við allsherjarreglu eða þjóðaröryggi Íslendinga og tímabundna upptöku eftirlits á innri landamærum.

Áhætta vegna COVID-19

Verkefnahópur undir stjórn ríkislöggreglustjóra (RLS) hóf störf, að beiðni sóttvarnalæknis, þann 8. apríl sl. í þeim tilgangi að finna leiðir til að koma í veg fyrir að COVID-19 berist með ferðamönnum til landsins. Auk fulltrúa frá ríkislöggreglustjóra eru í verkefnahópnum fulltrúar frá heilbrigðisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Samgöngustofu, löggreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Útlendingastofnun, löggreglunni á Suðurnesjum, Skattinum og Isavia.

Niðurstaða verkefnahópsins er sú að skynsamlegast sé að útvíkka 3. gr. reglna nr. 259/2020 um sóttkví og láta ákvæðið ná til allra sem koma til landsins á grundvelli tilmæla sóttvarnarlæknis um opinberar sóttvarnir. Nú þegar er skyldt fyrir aðila búsetta eða starfandi hérlandis að fara í 14 daga sóttkví eftir komu til landsins en sú regla hefur til þessa ekki gilt um ferðamenn.

Samkvæmt mati sóttvarnarlæknis eru nú öll lönd heimsins há-áhættusvæði með tilliti til smita COVID-19. Þetta þýðir, að mati greiningardeilda, að telja verði alla ferðamenn sem til landsins koma mögulega smitbera. Áhætta er metin út frá líkum og afleiðingum. Áhættumat greiningardeilda tekur því mið af líkum á smiti og afleiðingum þess fyrir líf og heilsu almennings á Íslandi. Í þessari greiningu er ekki horft til afleiðinga á borð við áhrif á efnahag ríkisins, innviði, þjónustu og annarra slíkra.

Samkvæmt 29. grein reglugerðar nr. 866/2017 um för yfir landamæri skal áhættumat ríkislöggreglustjóra til grundvallar ákvörðunar um tímabundna upptöku eftirlits á innri landamærum taka til eftirfarandi þáttu:

- að hvaða marki tímabundin upptaka eftirlits á innri landamærum kemur til með að treysta allsherjarreglu og þjóðaröryggi,
- mat á ógn og áhrifum á allsherjarreglu og þjóðaröryggi,
- mat á áhrifum aðgerða á frjálsa för fólks á Schengen-svæðinu.

Áhættulíkan

Við mat á áhættu er eftirfarandi líkan notað:

Verndaráhætta		Áhrif			
Líkindi	Stórfelld A	Mjög alvarleg B	Meiriháttar C	Minniháttar D	Hverfandi E
Mikil 5	5A	5B	5C	5D	5E
Miðlungs 4	4A	4B	4C	4D	4E
Lítill 3	3A	3B	3C	3D	3E
Mjög lítil 2	2A	2B	2C	2D	2E
Hverfandi 1	1A	1B	1C	1D	1E

Líkindi

Líkindi eru metin samkvæmt eftirfarandi töflu:

Líkindi	Merking	Gildi
Mikil	Líklegt að gerist oft (hefur gerst ítrekað)	5
Miðlungs	Líklegt að gerist öðru hverju (hefur gerst sjaldan)	4
Lítill	Ólíklegt að gerist en mögulegt (hefur gerst sjaldan)	3
Mjög lítil	Mjög ólíklegt að gerist (fordæmi ekki þekkt)	2
Hverfandi	Nær ómögulegt að atburður verði	1

Áhrif

Áhrif/afleiðingar eru metin samkvæmt eftirfarandi forskrift:

Áhrif/afleiðingar	Merking	Gildi
Stórfelld	Víðtækt smit og dauðsföll. Álag meira en viðbragðsskerfi ráða við.	A
Mjög alvarleg	Mikil fjölgun smittilfella. Öryggi/vernd í miklu uppnámi, álag á mannafla og / eða búnað slíkt að ekki er unnt að reiða sig á fulla virkni.	B
Meiriháttar	Fjölgun smittilfella. Öryggi/vernd í uppnámi, álag á mannafla og / eða búnað slíkt að það dregur úr getu til að takast á við starfsaðstæður vegna aukins álags eða að aðstæður draga úr virkni.	C
Minniháttar	Smit greinast. Álag á viðbragðsskerfi viðráðanlegt Takmörkun á starfsemi. Neyðaráætlunar virkjaðar.	D
Hverfandi	Litlar afleiðingar.	E

Áhættumat

Hvað beina ógn við þjóðaröryggi og allsherjarreglu á Íslandi varðar horfir greiningardeild til eftirfarandi:

Ógn	Líkindi	Áhrif	Áhættumat
Innri landamæri Íslands opin án aukinna sóttvarna-ráðstafana. Farþegar frá Schengen-ríkjum bera COVID-19 smit inn í landið	Mikil	Mjög alvarleg	5B

Ráðstafanir vegna niðurstöðu veginnar áhættu í töflu

Rauðt Óviðunandi	<ul style="list-style-type: none"> Óviðunandi við óbreyttar aðstæður Verndarráðstafanir nauðsynlegar
Gult Viðunandi	<ul style="list-style-type: none"> Viðunandi ef verndarráðstöfunum er beitt Starfsemi sem áhættumatið varðar aðeins heimil að tekinni upplýstri ákvörðun ábyrgs aðila um að áhættan megi teljast ásættanleg (undantekningartilvik)
Grænt Ásættanlegt	<ul style="list-style-type: none"> Verndarráðstafanir ekki nauðsynlegar

Verndarráðstafanir

Verkefnahópur um útfærslu á ferðatakmörkun vegna komu ferðamanna til landsins hefur lagt til eftifarandi tillögur sem gildi til 15. maí 2020:

- Landamæraeftirlit á innri landamærum verður tekið upp samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytis.
- Öllum þeim sem koma til landsins, þ.m.t. ferðamönnum, sem dvalið hafa á svæðum sem sóttvarnarlæknir skilgreinir sem áhættusvæði, verður skyld að fara í sóttkví í 14 daga í húsnæði sem uppfyllir skilyrði um húsnæði sem hentar fyrir sóttkví. Ferðamenn bera sjálfir gisti- og upphaldskostnað meðan á sóttkví stendur enda hafi þeir komið sjálfviljugir hingað til lands þrátt fyrir kröfu stjórnvalda um sóttkví.
- Sóttvarnarlæknir metur reglulega hvaða svæði teljist áhættusvæði en þau eru í dag öll lönd heimsins. Horft verði til skilgreininga alþjóðastofnana á áhættusvæðum, s.s. WHO og ECDC, eftir því sem við á. Miðað verði við að sóttkvíarskylda verði afnumin gagnvart ríkjum þegar smithætta þar er talin lítil.
- Ferðamenn fylla út Public Health Passenger Locator form (PLC) fyrir flugfarþega. Farþegaskip og ferjur fylla út PHPLF skeytu en önnur skip nota nota Maritime Declaration of Health og sérstakt COVID form sem LHG tekur við og sendir SVL form fyrir skipaumferð.

Flytjendur farþega eru gerðir ábyrgir fyrir því að farþegar fylli út formið fyrir komu til landsins.

Löggæsluyfirvöld á landmærastöðvum taka við forminu og yfifara það ásamt því að upplýsa farþegann um kröfur um sóttkví.

Löggæsluyfirvöld á landmærastöðvum skrá upplýsingar á forminu í gagnagrunn smitrakningarteymisins almannavarna.

- Löggæsluyfirvöld greina farþegalista með tilliti til áhættu á því að smit berist til landsins.
- Smitrakningarteymi almannavarna með aðstoð aðgerðastjórna löggregluembættanna hefur eftirlit með því að ferðamenn sæti sóttkví samkvæmt reglum.
- Frávísun er beitt á landamærum ef rökstuddur grunur leikur á því að viðkomandi farþegi mun ekki sæta reglum um sóttkví.
- Frávísun eða brottvísun er beitt ef ferðamaður brýtur ítrekað reglur um sóttkví.
- Tryggja verður að kröfur um sóttkví við komu farþega til landsins verið komið tryggilega á framfæri.

Samandregin niðurstaða áhættumats

Áhættumat greiningardeildar ríkislöggreglustjóra sýnir viðunandi niðurstöðu að viðhofðum verndarráðstöfunum þeim sem lýst er hér að framan þ.e. ákvörðun um tímabundið eftirlit á innri landamærum auk ráðstafana vegna sóttvarna. Með þeim ráðstöfunum verður heildarniðurstaða áhættumats **gul**, samkvæmt líkani greiningardeilda.

Áhrif tímabundinna upptöku eftirlits á innri landamærum með tilliti til allsherjarreglu og þjóðaröryggis

Að mati greiningardeildar ríkislöggreglustjóra er tímabundin upptaka eftirlits á innri landamærum nauðsynleg með tilliti til minnisblaðs sóttvarnalæknis. Sóttvarnalæknir telur eitt mikilvægasta atriðið til að viðhalda núverandi ástandi og koma í veg fyrir víðtækan faraldur hér á landi sé að tryggja að smit berist ekki hingað til lands erlendis frá. Víðast hvar á Schengen-svæðinu er faraldurinn útbreiddari en hér á landi.

Ljóst er að COVID-19 er alvarleg ógn við lýðheilsu landsmanna og þar með þjóðaröryggi og allsherjarreglu.

Mat á áhrifum aðgerða á frjálsa för fólks á Schengen-svæðinu

Ljóst er að tímabundin upptaka eftirlits á landamærum Íslands og ráðstafanir vegna sóttvarna hafa heftandi áhrif á þá Schengen-borgara sem hyggja á för til Íslands. Sambærilegar ráðstafanir eru víða í gildi á Schengen-svæðinu.

Hvað undanþágur frá sóttkví og útfærslu sóttkvíar varðar er vísað til tillögu sóttvarnalæknis þess efnis að þær verði í höndum embættis hans.